

Persónuverndarstefna Dohop ehf.

1. INNGANGUR OG MARKMIÐ

- 1.1. Dohop ehf., kt. 480904-3030, Nóatúni 17, 105 Reykjavík, leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar einstaklinga og virða réttindi þeirra.
- 1.2. Ekki þarf að skrá eða gefa upp neinar persónuupplýsingar til að nota heimasíðu Dohop nema þegar heimasíða Dohop er notuð til að bóka flug, hótél og/eða bifreið. Markmið Dohop með persónuverndarstefnunni er að allir einstaklingar sem veita félaginu persónuupplýsingar séu upplýstir um hvernig félagið safnar og vinnur persónuupplýsingar, svo og hvaða réttindi þeir hafa.

2. PERSÓNUUPPLÝSINGAR

- 2.1. Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem hægt er að nota til að persónugreina einstakling. Þetta eru til dæmis nafn, fæðingardagur, heimili, símanúmer, kreditkortaupplýsingar, kyn, netfang, IP-tala eða samsetning þessara upplýsinga sem gera kleift að ákvarða auðkenni einstaklings.
- 2.2. Dohop safnar hvorki né vinnur persónuupplýsingar sem kunna að teljast viðkvæmar, svo sem upplýsingar um heilsufar, trúarbrögð eða stjórnmálaskoðanir.

3. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

- 3.1. Dohop safnar persónuupplýsingum um viðskiptavinum sína í þrenns konar tilgangi; til að veita þeim aðgang að og þar með veita umbeðna þjónustu á heimasíðu félagsins og þar með í samræmi við viðskipta- og vinnslusamninga, til að tryggja að þjónusta sé löguð að þörfum viðskiptavinar og í markaðslegum tilgangi að beiðni viðskiptavinar. Dohop safnar einungis upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að veita þjónustu. Kjósi viðskiptavinur að veita ekki persónuupplýsingar er möguleiki á að Dohop geti ekki veitt viðkomandi aðila alla þá þjónustu sem óskað er eftir.
- 3.2. Persónuverndarstefna Dohop gildir um allar persónuupplýsingar sem Dohop vinnur með, óháð því á hvaða miðli upplýsingarnar eru geymdar og óháð því þær tengjast viðskiptavinum, þ.m.t. óskráðum eða skráðum notendum vefsíðu, fyrrum eða núverandi starfsmönnum, verktökum, birgjum, hluthöfum, prókúruhöfum viðskiptavinar ef um lögaðila er að ræða, eða öðrum skráðum einstaklingum. Persónuverndarstefna Dohop tekur eingöngu til einstaklinga en ekki lögaðila.
- 3.3. Persónuverndarstefna Dohop gildir um allar vörur og þjónustur Dohop. Um sumar vörur og þjónustur gilda jafnframt sérstakir notkunar- eða viðskiptaskilmálar sem eru til viðbótar við persónuverndarstefnu Dohop, sem finna má hér: <https://www.dohop.com/about/terms-and-conditions>. Ef þjónusta Dohop krefst samþykkis viðskiptavinar þá er beðið um samþykki við fyrstu notkun eða innskráningu. Persónuverndarstefna Dohop tekur ekki til þriðju aðila, sbr. nánar gr. 5.3. og 5.4.

4. SÖFNUN OG VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 4.1. Dohop er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem veittar eru félaginu. Dohop vinnur persónuupplýsingar sem félagið safnar ýmist sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili.

Leitarvél Dohop

- 4.2. Með aðgangi að leitarvél Dohop getur viðskiptavinur, án þess að gefa upp persónuupplýsingar, skoðað og fengið upplýsingar og borið saman verð á öllum flugum milli tveggja staða, sem og verð á bílaleigubílum og hótélherbergjum á viðkomandi áfangastað.

Bókun á vefsíðu Dohop

- 4.3. Noti viðskiptavinur vefsíðu Dohop til að bóka flug/gistingu/bifreið kann Dohop að þurfa að safna persónuupplýsingum og miðla til þriðja aðila svo hægt sé að klára bókun og greiðslu viðskiptavinar, sbr. nánar 5. kafla.

Bein markaðssetning

- 4.4. Dohop notar persónuupplýsingar í beinni markaðssetningu í samræmi við lög og reglur, nánar tiltekið ef viðskiptavinur tekur þátt í útdráttum, keppnum, leiðbeiningum eða ráðleggingum eða óskar eftir að fá tilkynningar um þjónustu félagsins eða tilboð. Hið sama á við ef viðskiptavinur skráir netfang sitt á póstlista til að fá fréttabréf og/eða tilboð frá félaginu.

Þegar þú notar vefsíðu Dohop

- 4.5. Dohop setur smákökur á vefsíðu fyrirtækisins til að gera síðuna notendavænni, til að birta áhugaverðar auglýsingar og birta tölfræði. Smákökur eru smærri textaskrár sem eru geymdar í vafra viðskiptavina og gerir þjónustunni kleift að muna eftir viðskiptavini og notkun hans. Nánari upplýsingar um notkun Dohop á smákökum má finna hér: <https://www.dohop.com/about/cookie-policy>.

5. MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA TIL ÞRIÐJU AÐILA

- 5.1. Dohop selur ekki persónuupplýsingar til þriðju aðila. Dohop miðlar ekki persónuupplýsingum til þriðja aðila nema að fengnu samþykki eða í samræmi við ákvæði viðskiptasamninga, þegar þriðji aðili telst þjónustuveitandi eða verktaki á vegum félagsins (vinnsluaðili) og þá eingöngu í þeim tilgangi að ljúka við verkefni eða veita viðskiptavinum þjónustu eða vöru sem viðskiptavinur hefur óskað eftir á heimasíðu félagsins. Nánar tiltekið kann Dohop að miðla persónuupplýsingum til flugvallar ef viðskiptavinur notar heimasíðu Dohop til að bóka flug og viðkomandi flugvöllur þarf að veita viðskiptavinum tiltekna þjónustu, og til þjónustuvers viðskiptavina.

- 5.2. Dohop afhendir vinnsluaðilum einungis þær persónuupplýsingar sem þykja nauðsynlegar í framangreindum tilgangi. Í þeim tilfellum þegar vinnsluaðili fær aðgang að persónuupplýsingum, tryggir Dohop trúnað og að gögnum sé eytt að vinnslu lokinni. Dohop leigir aldrei eða selur persónulegar upplýsingar um viðskiptavini.

- 5.3. Persónuverndarstefnan nær ekki til upplýsinga eða vinnslu þriðju aðila og Dohop hefur enga stjórn né ber ábyrgð á notkun eða birtingu þeirra. Dæmi um þriðju aðila sem gætu vísað á Dohop eru t.d. Facebook, Google, Apple og Microsoft.
- 5.4. Heimasíða Dohop kann að hafa slóðir á vefsíður þriðju aðila. Dohop ber ekki ábyrgð á persónuverndarstefnu eða framkvæmd á heimasíðum þriðju aðila sem viðskiptavinur ákveður að heimsækja með því að velja tengil á slíka heimasíðu af heimasíðu Dohop. Dohop hvetur viðskiptavin til að skoða persónuverndarstefnu og upplýsingar um smákökur á öðrum heimasíðum svo viðskiptavinur hafi upplýsingar um hvernig þær safna saman, nota og dreifa persónuupplýsingum.

6. VARÐVEISLA OG ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 6.1. Dohop safnar og varðveitir persónuupplýsingar um viðskiptavinum sína á meðan viðskiptasamband er í gildi, sem félaginu er skylt að varðveita í samræmi við lög og reglur, samninga, samþykki hins skráða eða vegna annarra lögmætra hagsmuna félagsins sem ábyrgðaraðila.
- 6.2. Dohop leggur mikið upp úr öryggi persónuupplýsinga og fer fram reglulegt eftirlit sem tryggir að ávallt séu gerðar viðeigandi öryggisráðstafanir. Komi upp öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga þar sem staðfest er eða grunur leikur á um að persónuupplýsingar hafi komist í hendur óviðkomandi aðila er Persónuvernd og eftir atvikum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrest, nema hann hafi ekki í för með sér mikla áhættu fyrir einstaklinga.
- 6.3. Með öryggisbresti við vinnslu persónuupplýsinga er átt við brest á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga eða þess að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi, sbr. 11. tölulið 3.gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

7. BREYTINGAR OG LEIÐRÉTTINGAR Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM

- 7.1. Hver sem er á rétt á að fá upplýsingar um hvaða upplýsingar Dohop hefur um viðkomandi. Í því felst réttur á að vita hvaða persónuupplýsingar um viðkomandi eru skráðar og hvernig þær voru skráðar, hvernig þær eru unnar og fá afrit af upplýsingunum. Í því felst einnig réttur til að senda beiðni um að persónuupplýsingar um viðkomandi séu uppfærðar eða leiðréttar, þeim sé eytt, takmarka hvernig þær eru unnar, fá afhent yfirlit yfir þær persónuupplýsingar sem viðkomandi hefur látið Dohop fá og afturkalla samþykki til vinnslu þeirra.
- 7.2. Öllum beiðnum um uppfærslu skal beina til umsjónarmanns persónuverndar hjá Dohop, privacy@dohop.com.
- 7.3. Athuga verður þó að það eru ýmsar takmarkanir á réttindum hér að framan, þannig að Dohop ber að framkvæma mat á hverri beiðni. Hverri fyrirspurn er svarað eins fljótt og auðið er og venjulega innan tveggja vikna.

8. PERSÓNUVERND BARNNA

- 8.1. Heimasíða Dohop er fyrir almenning og ekki er vísvitandi safnað upplýsingum um börn undir 13 ára aldri.
- 8.2. Ef barn undir 13 ára aldri sendir Dohop persónuupplýsingar vinnur Dohop ekki úr upplýsingum nema með samþykki forsjáraðila. Ef forsjáraðili verður var við að barn hafi veitt félaginu persónuupplýsingar án samþykkis forsjáraðila er hann hvattur til að hafa samband við Dohop. Ef Dohop verður vart við upplýsingar um börn án samþykkis forráðamanna er þeim eytt samstundis.

9. FACEBOOK

- 9.1. Með því að gera uppfærslur og athugasemdir á síðu Dohop á Facebook í gegnum Facebook-tengingu viðskiptavinar („Facebook upplýsingar“) samþykkir hann að Dohop, auk samstarfsaðilar, megi vinna og deila slíkar Facebook upplýsingar í samræmi við þessa persónuverndarstefnu.

10. BREYTINGAR Á PERSÓNUVERNDARSTEFNU DOHOP

- 10.1. Persónuverndarstefna Dohop er endurskoðuð reglulega. Dohop áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnunni hvenær sem er, án fyrirvara, en slíkar breytingar kunna að koma til vegna nýrra lagafyrirmæla eða túlkunar eftirlitsstofnanna. Ný útgáfa skal auðkennd með útgáfudegi. Persónuverndarstefnu Dohop má finna á www.dohop.com.

Samþykkt í október 2018